




Kópavogi, 23. júní 2026
26054034/ FS

Bergsmári 3

Fyrirspurn

Umsögn skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 8. júní 2026 var lögð fram fyrirspurn lóðarhafa Bergsmára nr. 3 dags. 26. maí 2026 um niðurtekt á kantsteini. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnastjóra.




Mynd 1. Loftmynd af Bergsmára 3 og hluti af aðalskipulagsupprætti ör bendir á Bergsmára 3.

Lóðin Bergsmári 3 er 797 m² að stærð og á henni stendur einbýlishús byggt árið 1993, 251,2 m² að flatarmáli. Fyrir lóðina er í gildi deiliskipulag.

Forsendur í skipulagsáætlunum

Bergsmári 3 er staðsett á svæði ÍB-3 Smárar á aðalskipulagsupprætti. Á svæðinu og fyrir lóðina er í gildi deiliskipulag Nónhæðar samþykkt af skipulagsstjóra ríkisins 13. nóvember 1991. Í deiliskipulagsskilmálum segir „mæliblöð sýna stærð lóðar, lóðamörk, byggingarreit íbúðarhúss og bílageymslu, enn fremur byggingarlínur, fjölda bílastæða á lóð, kvaðir ef einhverjar eru o.fl.“ Í sérákvæðum segir um bílastæði: „Á mæliblaði er sýndur sá fjöldi bílastæða sem vera skal innan hvernar lóðar. Staðsetning bílastæða innan lóðar er ekki bundin. Bílastæði skulu vera með bundnu slitlagi.“



Mynd 2. Hluti úr grunnmynd efri hæðar Bergsmára 3 og hluti úr gildandi mæliblaði, örin bendir á lóð Bergsmára 3.

Fyrirspurnin


Í innsendri fyrirspurn segir: „Ég hér með óska eftir að fá lengri niðurtekt á bílastæði mínu við Bergsmára 3 í Kópavogi. Það þarf að taka úr gangstéttarkanti þannig að ég geti nýtt betur bílastæðið mitt.“



Mynd 3. Innsend gögn með fyrirspurn. Óskað er eftir að niðurtektin verði í flútti við sorpskýlið.

Umsögn og niðurstaða

Á gildandi mæliblaði er leyfi fyrir þremur bílastæðum og eru þrjú bílastæði sýnd á [gildandi afstöðumynd frá 25. október 1992](#). Ekki er verið að óska eftir fjölgun bílastæða á lóðinni heldur einungis niðurfellingu á kantstein sem yrði í flútti við sorpskýlið á lóðinni sem er af loftmyndum að dæma hámarki 1 m.



Mynd 4. Mynd af kortavef Kópavogs, gróflega mæld lengd niðurtektar í samræmi við fyrirspurn.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að kantsteinninn verði fjarlægður í samræmi við erindið á kostnað lóðarhafa. Hafa skal samband við gatnadeild vegna niðurtektar.

Vakin er athygli á að fyrirspurnum um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn. Svar við fyrirspurn telst ekki stjórnvaldsákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

F.h. skipulagsfulltrúa
Freyr Snorrason
Verkefnastjóri

